



Tekjumörk vegna afsláttar af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega á árinu 2025

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem eiga **lögheimili í Borgarbyggð** eiga rétt á afslætti af **fasteignaskatti** skv. reglum og ákvörðun sveitarstjórnar hvert ár, sbr. heimild í 5. gr. laga 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Hjá hjónum og sambýlisfólki ræður aldur þess er fyrr verður 67 ára. **Afsláttur nær einungis til íbúðarhúsnæðis sem viðkomandi býr sjálfur í.**

Afsláttur ræðst af tekjum undanfarandi árs. Afslátturinn er reiknaður til bráðabirgða við álagningu út frá öllum skattskyldum tekjum einstaklings eða hjóna/sambúðarfólks, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjum samkvæmt síðasta skattframtali, en þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðasta árs er afsláttur endurskoðaður og leiðréttur.

Tekjumörk eru ákveðin af byggðarráði Borgarbyggðar í desember á hverju ári og eru nú:

Fyrir einstaklinga, (tekjur á árinu 2024):

með tekjur allt að kr. 5.065.000 er veittur 100% afsláttur
með tekjur á bilinu kr. 5.065.001 - 5.864.000 er veittur 75% afsláttur
með tekjur á bilinu kr. 5.864.001 – 6.654.000 er veittur 50% afsláttur

Fyrir hjón (tekjur á árinu 2024):

með tekjur allt að kr. 8.375.000 er veittur 100% afsláttur
með tekjur á bilinu kr. 8.375.001 – 9.364.000 er veittur 75% afsláttur
með tekjur á bilinu kr. 9.364.001 - 10.464.000 er veittur 50% afsláttur

Samþykkt í Sveitarstjórn Borgarbyggðar 16. janúar 2025